

17. febrúar 1984

149

Nr. 115

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 225 30. apríl 1982 um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum, sbr. reglugerð nr. 466/1982 og reglugerð nr. 481/1983 um breyting á henni.**

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein, 3. mgr., er orðist svo:  
Af almenningsbifreiðum, sem hannaðar eru til flutnings á 30 farþegum eða fleiri að meðtöldum öikumanni og flokkast undir tollskrárnúmer 87.02.29, skal greiða 12% gjald.

2. gr.

Í stað orðsins „Almenningsbifreiðar“ í 4. gr. reglugerðarinnar komi orðin: Almenningsbifreiðar sem hannaðar eru til flutnings á færri en 30 farþegum að meðtöldum öikumanni.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál, til að öðlast þegar gildi.

Hafi smíði á almenningsbifreið sem gjaldskyld verður skv. 1. gr. reglugerðar þessarar verið hafin fyrir gildistöku reglugerðarinnar skal hún undanþegin gjaldtöku, enda tilkynni viðkomandi bifreiðasmíðja eða samsetningaraðili ráðuneytinu skriflega um smíðina innan tveggja vikna frá gildistöku og sendi jafnframt afrit af viðkomandi smíðasamningi.

*Fjármálaráðuneytið, 17. febrúar 1984.*

**Albert Guðmundsson.**

Sigurgeir A. Jónsson.

17. febrúar 1984

Nr. 116

## AUGLÝSING

**um tollmeðferð á almenningsbifreiðum**

Ráðuneytið tilkynnir hér með að það hefur ákveðið að nota heimild í 6. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum og fella niður toll af almenningsbifreiðum sem hannaðar eru til flutnings á 30 farþegum eða fleiri að meðtöldum öikumanni og flokkast

B 20